


Skýrsla Orkustofnunar 2013 um úttekt á eignastofni RARIK



Höfundar:
Sigurður H. Magnússon
Erla Björk Þorgeirsdóttir
Harpa Þórunn Pétursdóttir
Auður Nanna Baldvinsdóttir

| | | |
|--|--|--|
| Skýrsla nr.: OS-2013/04 | Dags.: 19.12.2013 | Dreifing: Opin x Lokuð Skilmálar: |
| Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Skýrsla Orkustofnunar 2013 um úttekt á eignastofni RARIK | | Upplag: 10 Fjöldi síðna: 9 |
| Höfundar: Sigurður H. Magnússon Erla Björk Þorgeirsdóttir Harpa Þórunn Pétursdóttir Auður Nanna Baldvinsdóttir | | Verkefnisstjóri: Sigurður H. Magnússon |
| Gerð skýrslu / Verkstig: Úttektarskýrsla | | Verknúmer: 412-3470 |
| Unnið fyrir: Orkustofnun | | |
| Samvinnuaðilar: RARIK | | |
| Útdráttur: Orkustofnun hefur heimild til að gera úttektir á dreifiveitum samkvæmt ákvæðum VII. kafla raforkulaga nr. 65/2003. Skýrsla þessi inniheldur úttekt Orkustofnunar á RARIK ohf. á eignastofni sem liggur til grundvallar uppgjöri tekjumarka. | | |
| Lykilorð: Raforkueftirlit, raforkulög, úttektir, eignastofn, tekjumörk | ISBN-númer: 978-9979-68-332-2 | |
| | Undirskrift verkefnisstjóra: Sigurður H. Magnússon | |
| | Yfirfarið af:  | |

Skýrsla Orkustofnunar 2013 um úttekt á eignastofni RARIK

**Sigurður H. Magnússon
Erla Björk Þorgeirsdóttir
Harpa Þórunn Pétursdóttir
Auður Nanna Baldvinsdóttir**

OS-2013/04

978-9979-68-332-2

EFNISYFIRLIT

| | | |
|----------|----------------------------------|----------|
| 1 | INNGANGUR | 1 |
| 2 | UMFANG ÚTTEKTAR | 1 |
| 3 | SAMSKIPTI | 2 |
| 4 | BÓKHALDSUPPLÝSINGAR | 2 |
| 5 | ÚTTEKT | 2 |
| 6 | SAMANTEKT | 3 |
| 7 | NÍÐURSTAÐA | 3 |

1 INNGANGUR

Orkustofnun hefur heimild til að gera úttektir á dreifiveitum samkvæmt ákvæðum VII. kafla raforkulaga nr. 65/2003. Úttektir eru gerðar í samræmi við verklagsreglur stofnunarinnar. Umrædd úttekt nær til eignastofns RARIK ohf. [RARIK] miðað við stöðuna í árslok 2011. Tilgangur úttektar á eignastofni RARIK er að rýna undirgögn sem liggja að baki innsendum upplýsingum um eignastofn sem liggur til grundvallar tekjumörkum, en bæði afskrifta- og arðsemispáttur tekjumarka byggist á eignastofni. Úttektin er ekki framkvæmd vegna gruns um misfellur í upplýsingum RARIK heldur vegna mikilvægis eignastofns í uppgjöri tekjumarka og svo sem hluti af endurskoðun Orkustofnunar á verklagi við uppgjör tekjumarka. Samkvæmt verklagsreglum Orkustofnunar skal tilkynna um væntanlega úttekt með 4-6 vikna fyrirvara og er úttektaraðila gefinn kostur á að ákveða úttektardag innan framangreindra marka. Einnig ber úttektaraðila að tilkynna um þá starfsmenn, ásamt starfssviði sem koma að og eru viðstaddir úttekt.

2 UMFANG ÚTTEKTAR

Úttektin grundvallast á skoðun innsendra gagna vegna tekjumarka sem miðast við stöðu eignastofns 31.12.2011.

Áður en úttekt fór fram var óskað eftir yfirliti yfir ákveðna bókhaldsflokka sem listaðir voru í fylgiskjali. Einnig óskaði Orkustofnun eftir upplýsingum varðandi:

1. Forsendur endurnýjunar eigna og búnaðar,
2. Fjárfestingastefnu og fjárfestingaáætlun næstu fimm ára.

Úttektarteymi Orkustofnunar samanstóð af þremur sérfræðingum og einum lögfræðingi. Af hálfu RARIK voru einnig fjórir starfsmenn viðstaddir. Nöfn starfsmanna Orkustofnunar og RARIK koma fram í fylgiskjali 1.

Við upphaf úttektar var haldinn undirbúningsfundur þar sem farið var yfir verklag varðandi úttektina. Einnig skilaði RARIK svörum við spurningum sem höfðu verið lagðar fram áður. Spurningarnar vörðuðu m.a. bókhaldskerfi og nokkur fyrirframskilgreind atriði.

3 SAMSKIPTI

Yfirlit yfir helstu samskipti í dagsetningaröð koma fram hér að neðan:

- a. 26. mars 2013 – Bréf. Tilkyning um úttekt.
- b. 10. apríl 2013 – Tölvupóstur frá RARIK. Gögn send og úttektardagur valinn 2. maí 2013.
- c. 2. maí 2013 – Úttekt.
- d. 17. maí 2013 – Tölvupóstur til RARIK um ósk um fund hjá Orkustofnun vegna álitaefna í kjölfar úttektar.
- e. 22.5.2013 – Fundur hjá Orkustofnun.
- f. x. október 2013 – Drög að skýrslu sent RARIK til umsagnar.
- g. x. október 2013 – Athugasemdir RARIK við drög að skýrslu berast.
- h. x. nóvember 2013 – Svör við andmælum RARIK.
- i. x. nóvember 2013 – Skýrsla gefin út og birt á vef Orkustofnunar.

4 BÓKHALDSUPPLÝSINGAR

Bókhaldskerfi RARIK er af gerðinni Dynamics AX – 2009 (Axapta) og eru upplýsingar varðandi eignagrunn færðar úr bókhaldskerfinu með gagnateningi (Cocnos). Sér eignagrunnur er fyrir skil á gögnum fyrir Orkustofnun.

Í eignagrunni eru 18 eignaflokkar. Af þeim eru 5 alfarið vegna dreifiveitu og 7 sem tengjast annarri starfsemi (t.d. hitaveitu og götuljósum). Þá eru 6 lykjar sem eru sameiginlegir þar sem bókhaldslegt virði fastafjármuna á þeim lykklum er skipt í hlutföllum eftir rekstrarstærðum dreifiveituhlutans og annarrar starfsemi.

5 ÚTTEKT

Væntanleg úttekt var tilkynnt formlega með bréfi dags. 26 mars 2013. Einnig var óskað eftir ákveðnum bókhaldsupplýsingum. Sjá nánar kafla 2. Með tölvupósti dags. 10. apríl 2013 var umbeðnum gögnum skilað til Orkustofnunar.

Við skoðun á innsendum gögnum kom í ljós að mjög gott skipulag var á færslum á eignastofni og auðvelt að rýna færslur. Þá voru færslur vel rekjanlegar í frumgögn. Góð aðstaða var í húsakynnum RARIK til að standa að úttektinni.

Út frá innsendum gögnum voru valin 59 fylgiskjöl sem skiptast á milli 12 bókhaldslykla. Eftir að úttekt hófst var fjöldi fylgiskjala endurskoðaður og var endanlegur fjöldi sem var skoðaður fækkaður niður í 23 fylgiskjöl. Gerðar voru þrjár athugasemdir. Í einu tilfalli var viðskiptavild talin til eignastofns en í ljós kom að heiti texta í excel skjali orsakaði villuna sem leiddi til forritunarvillu og hefur hún verið leiðrétt af starfsmönnum Orkustofnunar. Hinar tvær athugasemdirnar tengdust fjárfestingu fasteigna sem færðar eru undir bókhaldslykilinn F-FE Fjárfesting fasteigna. Við nánari skoðun eftir að úttekt var lokið var ákveðið að skoða fleiri fylgiskjöl af þeim lykli og voru alls valin 21 fylgiskjal til frekari skoðunar. Í kjölfarið var óskað eftir fundi með RARIK þar sem farið var nánar yfir þessi fylgiskjöl. Fundur var haldinn á

starfsstöð Orkustofnunar þann 22. maí 2013. Á þeim fundi fór RARIK ekki eingöngu yfir þau fylgiskjöl sem Orkustofnun hafði valið heldur var farið yfir yfirflokka lykilsins í heild sinni.

Við þá yfirferð komu í ljós fleiri fylgiskjöl sem athugasemdir Orkustofnunar eiga við um.

Athugasemdir vörðuðu tvenns konar eignir:

1. – Vatnsréttindi

Gerðar voru athugasemdir við fylgiskjöl varðandi jarðir á Norðurlandi og tengjast vatnsréttindum virkjunar. Umræddar eignir og þ.m.t. vatnsréttindi sem tengjast þessum jörðum virðast ekki geta talist til eðlilegrar starfsemi dreifiveituhluta RARIK og telur Orkustofnun því að eignfærsla vegna jarða vegna vatnsréttinda eigi ekki að vera grunnur að uppgjöri tekjumarka RARIK.

2. – Eignir sem ekki eru tekjuberandi

Gerðar voru athugasemdir varðandi eignfærslu á húsnæði sem engar tekjur eru færðar á. Orkustofnun telur að eignfærsla vegna slíkra eigna eigi ekki að tengjast uppgjöri tekjumarka fyrirtækisins þar sem slíkar eignir virðast ekki tengjast dreifiveituhluta fyrirtækisins enda sé eðlilegt að slíkar eignir séu tekjuberandi.

6 SAMANTEKT

Orkustofnun gerir athugasemdir við ákveðinn fjölda af fylgiskjölum sem varða jarðir vegna vatnsréttinda og starfsmannakostnað.

Þar sem ofangreindar athugasemdir byggjast á túlkun Orkustofnunar um hvaða eignir eigi að teljast til eignastofns til viðmiðunar á uppgjöri tekjumarka verður ekki farið fram á að leiðréttingar og breytingar á eignastofni séu gerðar aftur í tímann. Orkustofnun mun þess í stað gefa út ítarlegri leiðbeiningar en nú eru í gildi til að tryggja að skráning eigna hjá öllum dreifiveitum fari fram með samræmdum hætti. Einnig þarf eignin að tengjast með sannanlegum hætti starfsemi dreifiveitu hluta fyrirtækisins. Miðað er við að framangreindar leiðbeiningar taki gildi miðað við stöðu eignastofns 31.12.2014.

7 NIÐURSTAÐA

Úttekt Orkustofnunar á eignastofni RARIK sem liggur til grundvallar uppgjöri tekjumarka byggist á heimildum samkvæmt ákvæðum VII. kafla raforkulaga nr. 65/2003 en í þeim kafla er kveðið á um eftirlit og úrræði stofnunarinnar. Þær eignir sem athugasemdir Orkustofnunar taka til, eru ekki tæmandi. Orkustofnun gerir þá kröfu til RARIK að þeir taki til skoðunar þær eignir, í eignagrunni, sem geta átt við ofangreindar athugasemdir Orkustofnunar. Þær eignir sem eiga við athugasemdir Orkustofnunar, skv. skoðun RARIK, ber fyrirtækinu að taka út úr eignastofni sem telst til uppgjörstekjumarka RARIK. Leiðrétting á eignastofni skal miðast við stöðuna á eignastofni í árslok 2014. Þegar leiðrétting fer fram ber að senda gögn þess lútandi til Orkustofnunar.

Fylgiskjal 1.

| | | | |
|---------------------|-----------------------------|----------------|--------------------------------|
| 2. maí 2013 | Úttekt | | |
| | | <u>Mættir:</u> | Sigurður H Magnússon OS |
| | | | Auður Nanna Baldvinsdóttir OS |
| | | | Erla Björk Þorgeirsdóttir OS |
| | | | Harpa Þórunn Pétursdóttir OS |
| | | | Tryggvi Þór Haraldsson RARIK |
| | | | Ólafur Hilmar Sverrisson RARIK |
| | | | Pétur Einir Þórðarson RARIK |
| | | | Steingrímur Gröndal RARIK |
| | | | Gretar Daníel Pálsson RARIK |
| | | | |
| 22. maí 2013 | Fundur hjá Orkustofn | | |
| | | <u>Mættir:</u> | |
| | | | Sigurður H Magnússon OS |
| | | | Auður Nanna Baldvinsdóttir OS |
| | | | Erla Björk Þorgeirsdóttir OS |
| | | | Tryggvi Þór Haraldsson RARIK |
| | | | Ólafur Hilmar Sverrisson RARIK |
| | | | Pétur Einir Þórðarson RARIK |
| | | | Steingrímur Gröndal RARIK |

 ORKUSTOFNUN

